



Fundargerð

30. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 18. september 2024, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Práinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 286. fundar skipulagsnefndar UTU - 2409008

Lögð fram fundargerð 286. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-209.

*Mál nr. 1; Sultartangi; Rafstrengur og ljóslögn í 5km; Framkvæmdaleyfi - 2408070.
Lögð er fram umsókn frá Orkufjarsskiptum hf er varðar framkvæmdaleyfi fyrir lagningu rafstrengs og ljóslagnar milli lokumannvirkja LV í Sultartanga. Lagnaleiðin er um 5 km. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi Sultartangastöðvar eru sveitarfélagsmörk Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps dregin austar en sýnt er á framlögðum gögnum. Að mati hreppsnefndar Ásahrepps ætti umsóknin því að taka til Skeiða- og Gnúpverjahrepps einnig. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.*

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-209 - 2408002F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-209.

2. Fundargerð 287. fundar skipulagsnefndar UTU - 2409019

Lögð fram fundargerð 287. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU númer 24-210.

*Mál nr. 1; Holtamannafréttur; Búðarháls; Skilgreining efnistökusvæðis;
Aðalskipulagsbreyting - 2405016.*

Lögð er fram skipulagslýsing er varðar skilgreiningu efnistökusvæðis á austanverðum Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu innan aðalskipulags Ásahrepps. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E8. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka allt að 49.000 m³.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Dvergabakki L165303; Dvergabakki A; Ný lóð; Reisa 6 smáhýsi; Deiliskipulag - 2403006.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til lóðar Dvergabakka L1653030 í Ásahreppi eftir auglýsingu. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir gestahús innan jarðarinnar. Umsagnir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HJA', 'KI', '57', and 'llw'.

fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3; Litlaland; Auknar byggingarheimildir; Deiliskipulagsbreyting - 2409024. Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Litlalands og Litlalands lóð. Í breytingunni felst að heildarbyggingarmagn innan reits B3 verður 1.700 fm í stað 1.500 fm áður. Byggingarreitir stækkar í takt við aukið byggingarmagn. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Að mati hreppsnefndar hefur breytingin ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila innan svæðisins en umsjáandi og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-210 -2408004F. Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-210.

3. Fundargerð 27. fundar stjórnar Odda bs. - 2409001

Lögð fram fundargerð 27. fundar stjórnar Odda bs. Dagskrárliður nr. 3 þarfnast staðfestingu hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar Odda bs:

3. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2024. Viðaukar - 2408022

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 1 fyrir Odda bs.

Lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2024. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 8.000.000 sem stafar af aukningu á stöðugildi í grunnskólanum á Hellu, auknum launakostnaði í mötuneytinu á Hellu vegna forfalla og framlags til húsgagnakaupa í Laugalandsskóla. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna frá Ásahreppi kr. 1.256.000 kr. og Rangárþingi ytra kr. 6.744.000.

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa afgreiðslu þessa dagskrárliðar í fundargerð Odda bs til 18. dagskrárliðar þessa fundar.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

4. Fundargerð 113. fundar stjórnar UTU - 2409011

Lögð fram fundargerð 113. fundar stjórnar UTU. Fyrsti dagskrárliður þarfnast afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps. Nanna Jónsdóttir tekur ekki afstöðu til afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Bókun stjórnar UTU:

1. Minnisblað frá Hrunamannahreppi

Lagt fram minnisblað sem unnið var fyrir Hrunamannahrepp vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU, minnisblaðið var unnið af GB Stjórnsýsluráðgjöf um skipulagsmál dags. 16. maí 2024. Í minnisblaðinu er m.a. ábending til mæðu um að breyta samþykktum UTU á þann veg að sipulagsnefndir geti verið starfræktar í hverju sveitarfélagi fyrir sig en ekki ein sameiginleg skipulagsnefnd aðildarsveitarfélaganna eins og núverandi samþykktir UTU gera ráð fyrir.

Minnisblaðið hefur verið lagt fram til kynningar og tekið til umræðu í aðildarsveitarfélögum UTU. Stjórnarmenn kynntu og fóru yfir umræður sinna sveitarstjórna um framkomnar ábendingar í minnisblaðinu og núverandi fyrirkomulag skipulagsnefndar.

Höft
K.A.
P.J.
S.J.
W.S.

Stjórn þakkar Hrunamannahreppi fyrir minnisblaðið og góðar ábendingar til umræðu en í ljósi umræðu og bókana sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna vegna minnisblaðsins þá telur meirihluti stjórnar ekki tilefni til að breyta fyrirkomulagi á uppsetningu skipulagsnefndar UTU.

Fulltrúi Hrunamannahrepps óskar eftir því við aðildarsveitarfélög UTU að samþykktum UTU verði breytt, þar sem heimilað yrði að aðildarsveitarfélög UTU gætu starfrækt sína eigin skipulagsnefnd ef þau kjósa svo, með vísan í bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 16. maí sl.

Hreppsnefnd Ásahrepps er sáttt við núverandi stöðu skipulagsmála og sér ekki ástæðu fyrir sitt leyti að breyta samþykktum byggðasamlagsins.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

5. Fundargerð 28. fundar stjórnar Odda bs. - 2409013

Lögð fram fundargerð 28. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

6. Fundargerð 10. fundar stjórnar Lundar - 2409006

Lögð fram fundargerð 10. fundar stjórnar Lundar ásamt minnisblaði lögmanns vegna mögulegrar nýtingar á kauprétti stjórnar á eigninni Seltún 2, Hellu.

Til kynningar.

7. Fundargerð 84. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2409007

Lögð fram fundargerð 84. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Til kynningar

8. Fundargerð 75. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2409002

Lögð fram fundargerð 75. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar

9. Fundargerð 15. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2409003

Lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

10. Fundargerð aðalfundar Arnardrangs hses 2024 - 2409016

Lögð fram fundargerð aðalfundar Arnardrangs hses, sem haldinn var 29. ágúst 2024. Einnig lögð fram skýrsla stjórnar.

Til kynningar.

11. Fundargerð 237. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2409004

Lögð fram fundargerð 237. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

12. Fundargerð 612. fundar stjórnar SASS - 2409010

Lögð fram fundargerð 612. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

13. Fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2409017

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Til kynningar.

14. Fundargerð 74. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2409012

Lögð fram fundargerð 74. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

15. Fundargerð 75. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2409020

Lögð fram fundargerð 75. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

16. Neyðarskýli við Hreysiskvísl - 2409005

Lagt fram tölvuskeyti skipulagsfulltrúa, dags. 22. ágúst 2024, þar sem upplýst er um áhuga björgunarsveitarinnar Dagrenningar og Landsbjargar að fara í viðhald á neyðarskýlinu við Hreysiskvísl. Ljóst er að til að svo verði þarf að láta vinna lóðarblað fyrir húsið og gera grunnsamkomulag við Forsætisráðuneytið um lóðina.

Hreppsnefnd Ásarhepps samþykkir samhljóða að óska eftir því við Eflu að gera lóðarblað fyrir umrætt neyðarskýli. Síðan verði sótt um stofnun lóðar í samstarfi við Forsætisráðuneyti og HMS. Þegar því er lokið verði óskað eftir grunnsamkomulagi við Forsætisráðuneyti um lóðina svo hægt verði að gera lóðarsamning við björgunarsveitina Dagrenningu / Landsbjörgu.

17. Ársþing SASS 2024 á Hótel Örk 31. október - 1. nóvember 2024 - 2409009

Lagt fram bréf SASS, dags. 30. ágúst 2024, ásamt tölvuskeyti framkvæmdastjóra þar sem óskað er eftir skráningu fulltrúa Ásarhepps á Ársþing SASS 2024.

Fulltrúar Ásarhepps á aðalfundum SASS eru:

Aðalmenn:

Ísleifur Jónasson

Nanna Jónsdóttir

Varamenn:

Kristín Hreinsdóttir

Helga Björg Helgadóttir

Fulltrúar Ásarhepps á aðalfundum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

Aðalmenn:

Þráinn Ingólfsson

Helga Björ Helgadóttir

Varamenn:

Kristín Hreinsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Hreppsnefnd Ásarhepps felur sveitarstjóra að skrá fulltrúa Ásarhepps á fundinn og ganga frá gistingu.

KH
HBH
ST
57
PK

18. Tenging One málakerfis við pósthólfíð á island.is - 2409014

Lagt fram tölvuskeyti frá OneSystems, dags. 9. september 2024, þar sem Ásahreppi er boðin viðbót við málakerfi One sem gerir kleift að senda rafræn skjöl úr One málakerfinu inn á pósthólf Island.is. Skv. lögum ber öllum opinberum aðilum að hafa í boði stafrænar birtingar eigi síðar en 1. janúar 2025. Þessi viðbót er boðin á kr. 190.000 auk VSK en jafnframt þarf að greiða vinnu við uppsetninguna kr. 101.700 auk VSK. Tengin annarra kerfa, s.s. bókhaldskerfis DK er möguleg og mun kosta kr. 136.600 auk VSK. Mánaðarlegt þjónustugjald er kr. 16.950 auk VSK á mánuði.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að kanna þá möguleika sem eru í stöðunni áður en ákvörðun er tekin. Málinu frestað til næsta fundar hreppsnefndar.

19. Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2024 - 2409015

Lögð fram tillaga um viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2024.

Í viðauka 1 er eftirfarandi gjaldaliðum bætt við rekstur ársins:

- Rekstrarframlag til Odda bs.: kr. 1.256.000
- Kostnaður við gerð nýrrar heimasíðu Ásahrepps: kr. 1.600.000
- Kostnaður við stafrænar lausnir innan stjórnsýslunnar: kr. 600.000
- Rekstrarframlag til Húsakynna bs. vegna breytinga á Laugalandsskóla: kr. 2.640.000
- Kaup á nýjum búnaði á skrifstofu Ásahrepps: kr. 900.000

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagða tillögu um viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2024, sem er samtals kostnaðaraukning að upphæð kr. 6.996.000 og verður þeim kostnaði mætt með lækkun handbærs fjár.

Sveitarstjóra falið að útfæra viðaukann í viðauka við fjárhagsáætlun 2024 og skila inn til þess berra aðila í samstarfi við KPMG.

20. Styrkbeiðni vegna útgáfu SÍBS blaðsins - 2409018

Lagt fram tölvuskeyti SÍBS, dags. 22. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu SÍBS blaðsins og styðja þannig við SÍBS og Reykjalund.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.

21. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 31. ágúst 2024.

Til kynningar.

22. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar, nr. 31, verður haldinn 16. október 2024 á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:30.

Kfr. HóH
PI
57
llw

Ísleifur Jónsson

Ísleifur Jónsson

Nanna Jónsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson